

málsvarnarlaun Ásmundar S. Jóhannssonar héraðsdómslögmanns, kr. 50.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 30.000. Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 26. maí 1977.

Nr. 88/1975. **Hagi h/f**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Ívari Herbertssyni og gagnsök

(Gunnar Sólmes hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 26. apríl 1976. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 12. maí 1976. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum 1.171.347 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 10. maí 1977.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Starfsmönnum aðaláfrýjanda, sem unnu að lagningu þakpappans, bar að gæta sérstakrar varúðar, er þeir lögðu pappann að nokkru yfir gluggaopið. Telja verður, að það hefðu

verið tryggilegri vinnubrögð að skera jafnóðum úr þakpappanum þann hluta hans, sem lagður var yfir enda gluggaopsins, heldur en fresta því, uns lokið væri lagningu viðkomandi pappalengju. Er ekkert fram komið um, að þessu hafi ekki mátt koma við vandkvæðalaust. Þar sem starfsmenn aðaláfrýjanda gættu þessa ekki, þykir verða að leggja ábyrgð á slysi þessu að nokkru á aðaláfrýjanda.

Gagnáfrýjandi virðist hafa hagað sér ógætilega í umrætt sinn, en hann var kunnugur vinnubrögðum þarna.

Þegar þetta er virt, þykir mega staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakarskiptingu.

Kröfur sínar hér fyrir dómi sundurliðar gagnáfrýjandi þannig:

1. Tjón vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku samkvæmt reikningi Þóris Bergssonar frá 11. febrúar 1975 kr. 1.184.524
÷ verðmæti dagpeninga og örorkubóta frá Tryggingastofnun ríkisins — 279.267
÷ greiðsla frá vinnuveitanda — 33.910 kr. 871.347
2. Bætur fyrir þjáningar og miska — 300.000

Alls kr. 1.171.347

Um 1. Hæfilegt þykir að meta tjón gagnáfrýjanda, sem hér kemur til álita, 600.000 krónur.

Um 2. Hæfilegt þykir að taka þennan lið til greina með 120.000 krónum.

Samkvæmt þessu telst tjón gagnáfrýjanda alls 720.000 krónur, og ber aðaláfrýjanda að bæta helming þess, eða 360.000 krónur ásamt vöxtum, svo sem krafist er.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði, sem ákveðst 100.000 krónur. Þá greiði aðaláfrýjandi og málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæsta-

rétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Aðaláfrýjandi, Hagi h/f, greiði gagnáfrýjanda, Ívari Herbertssyni, 360.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði, 100.000 krónur. Þá greiði aðaláfrýjandi málskostnað fyrir Hæstarétti, 80.000 krónur, er renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Gunnars Sólness hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Gagnáfrýjandi, Ívar Herbertsson, vann við að leggja pappa á þak verksmiðjuhússins, þar sem hann slasaðist, og hafði verið við það verk um nokkurn tíma. Samverkamenn hans höfðu hagað verki sínu með venjulegum og viðunandi hætti, þegar slysið varð. Verkstjóri aðaláfrýjanda hafði áður vakið athygli starfsmanna á hættum við starfið, og mátti öllum, sem þarna unnu, vera ljóst, að sýna þurfti aðgæslu. Engin bilun varð á tækjum, sem notuð voru, eða á þakinu sjálfu. Vegna þessa tel ég ekkert fram komið, sem fellt geti bótaábyrgð á aðaláfrýjanda. Tel ég, að sýkna beri félagið, en láta málskostnað falla niður. Ég er sammála meiri hluta dómara um gjafsóknarkostnað.

Dómur bæjarþings Akureyrar 20. febrúar 1976.

Mál þetta, er dómtekið var 2. febrúar sl., hefur Ívar Herbertsson, Oddagötu 3, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Akureyrar

með stefnu, þingfestri 12. júní 1975, á hendur Hauki Árnasyni, Espilundi 8, Akureyri, vegna Haga h/f, Akureyri, og Erlendi Einarssyni forstjóra, Selvogsgrunni 27, Reykjavík, vegna Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar, Akureyri, til greiðslu skaðabóta in solidum að upphæð kr. 1.235.302 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar samkvæmt reikningi eða mati dómsins.

Samvinnutryggingum g/t, Ármúla 3, Reykjavík, er stefnt til réttargæslu í málinu, en engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og gerir hann engar kröfur í máli þessu.

Stefndu, Hagi h/f og Samband íslenskra samvinnufélaga vegna Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar, hafa krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins eru málsatvik þau, að mánudaginn 1. september 1969 voru allmargir menn að vinna á þaki nýbyggingar Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar á Gleráreyrum við lagningu þakpappa. Meðal þeirra var stefnandi, Ívar Herbertsson, Snæbjörn Snæland Guðbjartsson og Jón Þengilsson, og unnu þeir saman að verkinu. Vinnutilhögun var þannig, að Snæbjörn og Jón lögðu pappann á þakið, sem hafði verið asfaltborið, en stefnandi bar til þeirra efni, svo sem papparúllur og asfalt. Á þakinu voru mörg göt fyrir loftglugga, og voru þau 1 metri á breidd og 2.25 metrar á lengd. Yfir gluggaopin voru lagðir tréflekar, sem voru fjarlægðir, meðan unnið var að pappalagningu í kringum og yfir opin, en síðan settir yfir aftur. Starfsmennirnir högðu verkinu þannig, að þeir lögðu út heila papparúllu í einu, þegar kostur var. Þegar komið var að gluggaopunum, var sá háttur hafður á, að þegar pappalengja var lögð yfir enda þeirra, þannig að aðeins lítill hluti af breidd lengjunnar lenti út fyrir brún gluggaopsins, var öll rúllan lögð út í einu og síðan skorið úr fyrir gluggaopinu á eftir. Þegar hins vegar öll pappabreiddin fór yfir gluggaop, var skorið strax úr gatinu við gluggabrún og síðan lagt áfram frá hinni brún gluggaopsins.

Um kl. 1630 umræddan dag stóð svo á, að verið var að leggja þakpappa yfir eitt gluggaopið. Þeir Snæbjörn Snæland Guðbjartsson og Jón Þengilsson höfðu nýlokið við að leggja pappa yfir endann á gluggaopinu og voru að búa sig undir að skera pappann úr gatinu. Þakpappinn náði 37 cm frá gluggabrún inn yfir opið. Þá gerðist það, að stefnandi, sem kom þarna að með efni, er nota

átti við vinnuna, lagði það frá sér 3—4 metra frá gluggaopinu, gekk síðan áfram, steig á þakpappann, er lá yfir gluggaopið, og féll niður. Var fallið um 8.30 metrar, og kom stefnandi niður á sandgólf inni í húsinu. Var þegar kallað á sjúkrabifreið, sem flutti stefnanda á sjúkrahús.

Í skýrslu Gísla Ólafssonar, yfirlögreglumanns á Akureyri, dagsettri 1. september 1969, segir, að um kl. 1700 þann dag hafi hringt á lögreglustöðina Sigurður Hannesson byggingameistari, Austurbyggð 12, Akureyri, og óskað rannsóknar vegna vinnuslyss, er orðið hefði þá skömmu áður í nýbyggingu Iðunnar á Gleráreyrum. Yfirlögreglumaður fór þegar á staðinn og hitti Sigurð þar. Sagði hann, að einn af mönnum þeim, er unnu við að leggja pappa á þak byggingarinnar, Ívar Herbertsson, Kringlumýri 33, hefði fallið niður um eitt gluggaopið á þakinu og komið niður á malar- og sandgólf fyrir neðan. Hann hefði verið meðvitundarlaus, þegar að var komið, en ekki með sýnilega áverka og verið þegar fluttur á sjúkrahús.

Yfirlögreglumaður segir í skýrslu sinni, að á byggingunni séu allmargir þakgluggar og tréflekar, er hafi verið lagðir yfir opin og þeir aðeins fjarlægðir, um leið og unnið var að pappalagningu í kringum þau. Op það, er Ívar hafi fallið niður um, hafi verið á stærð 1×2.25 metrar, en fallið þaðan og niður á gólfið 8.30 metrar. Tveir menn, er unnu að pappalagningu við nefnt gluggaop, þeir Snæbjörn Guðbjartsson og Jón Þengilsson, sögðu, að Ívar hefði verið að bera til þeirra efni og hefði hann allt í einu stigið á þakpappann, þar sem hann lá um 37 cm inn yfir opið, sem þeir ætluðu að fara að skera úr, og fallið niður. Þeir hafi tekið fram, að Ívar hafi verið búinn að leggja frá sér efnið, þegar hann gekk að gluggaopinu. Tréflekar þeir, er lágu yfir gluggaopinu, hafi verið sterkir og nægjanlega þungir til að renna ekki til, þótt eitthvað væri komið við þá.

Stefnandi og vitni komu hér fyrir dóm 2. desember sl. og gáfu skýrslur vegna þessa atviks.

Stefnandi skýrði svo frá við lögreglurannsókn, að er umrætt slys varð á þaki Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar mánudaginn 1. september 1969, hafi hann unnið við að bera efni, þakpappa og tjöru, til þeirra Snæbjarnar Snælands Guðbjartssonar og Jóns Marteins Þengilssonar, er voru að leggja pappa í kringum gluggaop. Sagðist hann hafa verið búinn að leggja frá sér byrði sína nokkuð frá opinu og síðan gengið að því. Hann kveðst ekki muna greinilega eftir því, þegar hann féll, og ekki muna neitt eftir

það, þar til næsta fimmtudag, og þá á sjúkrahúsi. Honum voru sýndar myndir, sem merktar eru dskj. nr. 27—31 í máli þessu, og kvaðst hann munu hafa stigið á pappann, eins og þar sést, við enda gluggaopsins, og fallið í gegn. Sagði stefnandi, að sér hefði verið vel kunnugt um, hvernig pappinn var lagður við gluggaopsendana, þ. e. að pappinn hafi verið lagður yfir opin og síðan skor- ið úr á eftir. Þá sagði stefnandi, að Sigurður Hannesson byggingameistari hefði áminnt þá, er þarna unnu, um að fara varlega við vinnu sína á þakinu.

Pennan framburð sinn staðfesti stefnandi fyrir dómi. Þá upp- lýsti hann, að hann álti, að er slysið varð, hefði hann verið búinn að vinna hálfan mánuð til þrjár vikur við umrætt verk. Stefnandi sagði, að þegar slysið varð, hefði hann verið starfsmaður Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar og þegið kaup frá því fyrirtæki, en hefði unnið undir stjórn Sigurðar Hannessonar bygginga- meistara, er var starfsmaður Haga h/f, sem var byggingaverk- taki hússins. Þá sagði stefnandi, að hann minntist þess ekki, að Sigurður Hannesson hefði varað þá, sem þarna unnu, við neinni sérstakri hættu við vinnu á þaki byggingarinnar né heldur hvort hann varaði þá sérstaklega við, er pappinn væri lagður yfir gluggaop.

Stefnandi lýsti vinnutilhögun við lagningu þakpappans á sama hátt og rakið hefur verið hér að framan.

Vitnið Snæbjörn Snæland Guðbjartsson skýrði svo frá við lög- reglurannsókn, að hann hefði, daginn sem slysið varð, unnið að pappalagningu á þaki Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar ásamt mörgum öðrum, þar á meðal stefnanda. Sagði vitnið, að það hefði verið að leggja þakpappa við enda eins gluggaopsins og með því hefði unnið Jón Þengilsson. Stefnandi hefði haft það verk með höndum að bera efni til þeirra, er lögðu pappann. Þegar slysið varð, hafi staðið svo á, að vitnið og nefndur Jón hefðu verið ný- búnir að leggja þakpappa yfir eitt gluggaopið og átt eftir að skera úr fyrir því, en pappinn hafi náð ca 37 cm inn yfir það. Stefnandi hafi þá komið til þeirra, lagt frá sér tjörukönnu 3—4 metra frá opinu, gengið áfram, stigið á pappann yfir gluggaopinu og fallið niður. Um leið og hann féll, hefði hann gripið í þakbrún- ina, en misst strax af henni. Sagði vitnið, að stefnandi hefði verið búinn að vinna þarna í lengri tíma og oft unnið með því við að leggja pappa á þakið við gluggaopin og að skera úr pappanum við gluggaopsendana. Stefnanda hafi verið vel kunnugt um, hvernig verkið var unnið. Vitnið sagði, að enginn tími hefði verið

til að aðvara stefnanda, enda hefði því ekki dottið í hug, að hann stigi út á pappann, sem yfir opið lá. Sagði vitnið, að tréflekar hefðu verið yfir öllum gluggaopunum, þar til farið var að leggja þakpappann við þau, en þá hefðu flekarnir verið fjarlægðir af einu opi í senn eftir því sem verkinu miðaði. Byggingameistarinn, Sigurður Hannesson, hefði varað þá við að fara tæpt á brúnir og yfirleitt að gæta fyllstu varúðar við vinnuna. Sjálft sagðist vitnið oftast en einu sinni hafa áminnt stefnanda, er því fannst hann fara ógætilega við vinnu á þakinu.

Fyrir dómi staðfesti vitnið framburð sinn fyrir lögreglu, sem rakinn hefur verið hér að framan. Þá sagðist vitnið álíta, að er slysið varð, hafi þeir verið búnir að leggja eina umferð af þakpappa á allt þakið og eitthvað byrjaðir á annarri umferð. Vitnið tók fram vegna þeirra orða sinna í lögregluskýrslu, að það hefði áminnt stefnanda um að fara varlega, að sér hefði virst, að hann fyndi ekki til lofthráðslu og ef til vill fundist hann fara glannalega þess vegna.

Framburður vitnisins Jóns Marteins Þengilssonar hjá lögreglu vegna þessa atviks er mjög í samræmi við það, sem rakið hefur verið hér á undan, bæði í frásögn stefnanda sjálfs svo og vitnisins Snæbjarnar Snælands Guðbjartssonar.

Fyrir dómi staðfesti vitnið skýrslu sína, er það gaf við lögreglu-rannsókn. Það staðfesti einnig, að Sigurður Hannesson byggingameistari hefði oft verið búinn að vara þá við að fara ógætilega við vinnu á þaki hússins. Þá sagði vitnið, að er slysið varð, hefðu þeir vinnufélagarnir verið búnir að leggja þakpappa yfir mörg gluggaop og alltaf notað sömu aðferðina, þegar þannig stóð á eins og í því tilfelli, sem hér er fjallað um, þ. e. að leggja pappann yfir enda opsins og skera síðan úr á eftir.

Sigurður Hannesson byggingameistari skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði verið verkstjóri við nýbyggingu verksmiðjuhúss Iðunnar og að stefnandi hefði unnið undir sinni stjórn. Sagði vitnið, að það hefði brýnt fyrir starfsmönnum, er voru við vinnu á þaki byggingarinnar, að fara varlega og sérstaklega varað þá við þakbrúnum og gluggaopum. Vitnið sagði, að sér hefði verið kunnugt um, hvernig starfsmennirnir unnu að lagningu þakpappans, þ. e. að ef hluti pappalengjunnar fór yfir enda gluggaops, var haldið áfram að leggja og lengjan kláruð og skorið úr fyrir gluggaopinu á eftir. Þá kvaðst vitnið minnst þess, að sér hefði virst stefnandi fara ógætilega við vinnu sína á þakinu og að það hefði sérstaklega áminnt hann um að fara varlega.

Í skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins, dagsettri 17. mars 1970, segir svo í umsögn eftirlitsmanns:

„Gluggaopið, sem slasaði féll niður um, var að stærð $1 \times 2,25$ metrar og hæð frá gólfi 8,30 metrar. Jaðar pappa, sem yfir enda opsins lá og slasaði sté á, mun hafa verið tæpir 40 cm.

Tréflekar voru lagðir yfir öll op á þakinu, sem ekki var unnið við hverju sinni.

Tæpast verður það talið óeðlilegt, þótt þeir, sem lögðu pappann, tækju flekann ofan af öllu opinu, á meðan þeir gengu frá festingu pappans, enda telur slasaði sig eiga megin sök á slysinu. Þess má geta, að ég var fjarverandi, þegar slys þetta skeði, og vissi ekkert um það fyrr en nokkru síðar, því læt ég hér með fylgja með afrit af rannsóknarskýrslu lögreglunnar.

Akureyri, 17/3 1970.

Vilhjálmur Jónsson“.

Öryggiseftirlitsmaður hefur ekki komið fyrir dóm vegna þessa atviks, þar sem hann var látinn, er mál þetta var höfðað.

Þessari frásögn öryggiseftirlitsmanns hefur stefnandi mótmælt sérstaklega með lögregluskýrslu, dagsettri 19. mars 1971. Þar segist hann vilja mótmæla því, að hann, þ. e. stefnandi, telji sig eiga meginsök á slysinu. Segist stefnandi ekki muna eftir því, að neitt slíkt hafi borið á góma í viðtali við öryggiseftirlitsmann um slysið. Þessi mótmæli sín hefur stefnandi staðfest fyrir dómi.

Í vottorði Guðmundar Karls Péturssonar, yfirlæknis við Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, dagsettu 27. október 1969, segir:

„Þann 1. sept. 1969 var komið með á slysastofu Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri Ívar Herbertsson, fæddan 4.2. '50, Kringlumýri 33, Akureyri. Var hann sagður hafa fallið gegnum þak á húsi, sem verið var að byggja og hann vann við. Var talið, að fallið hafi verið um 8 metrar og að hann hefði komið niður á samanþjappaðan sandbing. Ekki var vitað, hvort hann hefði misst meðvitund við fallið, en þegar á spítalann kom, var hann sljór og mókandi, en umlaði þó í honum, þegar á hann var ákveðið yrt. Hann var ekki í losti, púls var 80/mín., blóðþrýstingur 120/80. Hann kvartaði um eymsli og verk í baki og kveinkaði sér mikið við allar hreyfingar.

Smávegis skurfa var vinstra megin á höfði, og dreyrði lítilliga úr. Þá var og nokkurt mar á hálsi. Aðrir áverkar sáust ekki. Slasaði hreyfði alla útlími, að vísu ekki mikið, enda mjög sljór, eins og áður getur, en sársaukalaust og eðlilega að því er virtist. Ekki voru einkenni um alvarleg meiðsl á líffærum kviðarhols.

Þar sem allt benti til, að aðal meiðslanna væri að leita í bakinu, voru röntgenmyndir fyrst teknar af þeim líkamshluta, og sýndu þær, að 12. brjósthryggjarliður hafði klesst saman að framan og orðið við það fleygmyndaður á hliðarmynd að sjá. Þá var einnig 3. mjóhryggjarliður brotinn, allur lítið eitt lækkaður á hliðarmyndinni, en ekki fleyglaga. Brotlína virtist ganga þvert yfir liðbolinn, sprungið úr honum að framan. Á fram- og afturmynd sást, að 3. mjóhryggjarliður var töluvert lægri hægra megin og hægri hliðarflötur hans dálítið óreglulegur og eins og glufa inn í liðbolinn frá hægri. Á yfirlitsmynd af brjósthóli af slasaða liggjandi sást illa afmörkuð þétting neðantil í vinstra lunga út frá hjartaröndinni.

Slasaði var illa haldinn fyrst eftir slysið vegna sársauka og verkja í baki, hálsi og höfði, dálítið sljór, en þó með sæmilegri meðvitund strax næsta dag, en mundi þó ekki eftir því, hvernig slysið hafði orðið. Mundi fyrst eftir sér, þegar hann var kominn inn á sjúkrastofuna.

Þegar mesti sársaukinn fór að fara úr bakinu, fór slasaði að kvarta um sársauka og verki í vinstri mjöðm og lærhnútu. Þegar þetta var myndað, sást, að os pubil-klyftarbeinið var brotið vinstra megin, og lá brotlína á ská yfir ramus ossis pubis um tvær fingurbreiddir frá symphysis — klyftartengslunum — eða klofliðnum. Engin tilfærsla var á brotinu, aðeins sprunga í beinið. Önnur brot sáust ekki á mjaðmarbeinum.

Slasaða hefur farið jafnt og stöðugt batnandi. Hefur nú farið niður á gólf og gengið nokkuð um síðustu daga. Er þó stirðlegur í göngulagi og lítið eitt haltur.“

Í vottorði Jónasar Oddssonar læknis, dagsettu 24. maí 1970, segir m. a.:

„Hann var mikið til einkennalaus við útskrift af Sjúkrahúsinu. Við skoðun 4. 12. 1969 er hann stirður í baki, verkjalaus. Finnur enn til höfuðverkjar, aðallega v. megin í höfði, og versnar, ef hann beygir sig. Fætur farnir að styrkjast. Annað ekki athugunarvert. Við skoðun 8. 1. 1970 er ekkert athugavert að finna. Má fara að vinna til reynslu. Við skoðun 9. 3. 1970 finnst honum hann vera búinn að ná sér. Er þá með local eymsli yfir 12. brjóst-hryggjarlið.

17. 5. 1970 kemur hann til mín. Þá hafði hann síðastliðinn hálfan mánuð verið slæmur af verkjum ofantil í mjóbaki, radierandi fram í kviðarhol. Hafði þá um tíma unnið við að slípa vegg og reynt all verulega á bakið. Verstur á morgnana og átt erfitt með

að komast fram úr rúminu. Mikil eymsli eru yfir neðstu brjóst-hryggjarliðum og efstu mjóbaksliðum. Mjóbaksvöðvar mjög aum-ir. Hreyfingar stíðar og sárar. Settur á lyfjameðferð nú til að byrja með.“

Í vottorði Eiríks Sveinssonar, læknis á handlæknisdeild Fjóro-ungssjúkrahússins á Akureyri, dagsettu 13. janúar 1972, segir, eftir að sjúkdómssaga stefnanda hefur verið rakin:

„Samkv. viðtali við sjúkl. þann 13/1 '72 hefur hann verið all-góður til heilsunnar síðan slysið varð og hann fór að vinna. Hef-ur í dag engar kvartanir frá kerfum líkamans, sérstaklega enga verki í hrygg eða höfði og engir sýnilegir ytri áverkar eða mis-smíði, sem gætu verið afleiðing af slysinu. Skoðun leiðir í ljós, að hryggur er vel hreyfanlegur í öllum plönnum, laseque er neg. á báðum fótum, það er eðlil. Ekki kemur því neitt fram við þessa skoðun í dag, sem mætti túlka sem afleiðingu af fyrrgreindu slysi, og virðist sjúkl. hafa náð sér algerlega.“

Í vottorði Ólafs Halldórssonar læknis, dagsettu 10. febrúar 1973, segir svo um starfsgetu stefnanda:

„... Starfsgeta er skert á þann hátt, að vissar hreyfingar valda verkjum (t. d. er hann teygir sig, við múrverk o. fl.) og eftir full-an vinnudag í slíkri vinnu er hann ekki betri að morgni, er hann vaknar. Enga vinnu hefur hann getað stundað til lengdar og hefur síðan hann slasaðist orðið að skipta um vinnu eftir mislangan tíma. Vann t. d. við að pressa gærur, en gafst upp á því eftir ár.

Er skárri fyrst eftir að hann skiptir um vinnu.

Eftir hvíld réðst hann til Norðurverks, vegna þess að vinna þar var ekki eins einhliða.

Í nógu fjölbreyttri vinnu er hann góður í byrjun, en versnar strax og erfiðari kaflar koma.

Hæpið er, að hægt sé að fá starfa, sem hann gæti unnið við til langframa. Hann kvartar t. d. um verk við lengri bílaakstur eða lengri setu, nema hann sé vel hvíldur fyrir. Sjá þar um vottorð J. O. 24/5 '70.“

Í vottorði Braga Guðmundssonar læknis, sérfræðings í bækl-unarsjúkdómum, dagsettu 2. desember 1973, segir svo eftir stutt-an inngang:

„... Sj. féll niður um þakglugga hinn 1/9 1969. Fallið um 8 metrar, og kom hann niður í þjappaðan sand. Var fluttur að því er talið er í semikomatös ástandi á FSA, þar sem greind var smá-vægileg skurfa á v. parietal svæði og mar á hálsi. Aðrir ytri áverkar ekki sjáanlegir. Röntgenrannsókn sýndi kompressions-

frakturur á Th XII og L III ásamt skábroti á ramus sup. ossis pubis vinstra megin í góðum situs. Sj. útskrifaðist 9/11 '69 frá FSA.

Subjectivar kvartanir sjúklings eru meira eða minna stöðugir lumbagoverkir, staðsettir í neðri hluta brjósthryggis og nokkuð niður í lumbalhrygg. Aldrei útleiðsla í ganglimi, og sj. hefur aldrei fundið fyrir, að verkir þessir hafi aukist við hósta eða hnerra. Verkirnir í baki koma, að sögn sjúklings, án sýnilegs til-efnis og eru ekki ákveðið bundnir áreynslu. Segir ástand sitt að þessu leyti hafa farið batnandi síðustu mánuði og segist nú þola beygju og lyftingar við vinnu sína. Kvartar helst um stirðleika í mjóbaki á morgnana og sé bestur í baki við hreyfingu. Neitar, að hann þurfi verkjalyf vegna bakverkja nú orðið.

Kvartar um, að hann fái iðulega höfuðverk, ekki intensivan, lýsir honum sem seiðing vinstra megin í höfði, engin ógleði fylgir höfuðverk þessum, en sj. getur þá ekki lesið og er illa við mikla birtu meðan á þessu stendur.

Gerð var röntgenrannsókn á Columna thoracalis et lumbalis 27/11 '73. Sýnir hún, að um er að ræða lumbalization á S-I. Um 3 mm fleygmyndun á Th IX (áður talinn Th XII) auk þess væg compression á L II (áður talinn L III). Góður beinbjálkastruktúr í báðum corpusum.

Objectiv skoðun: Sj. gengur óhaltur án stuðnings. Hryggur er beinn, engin palpationseymisli á hrygg. Flexio óhindruð, fingurgómar nema í gólf með beinum hnjám. Hliðarbeygjur eðlilegar, en létt minnkuð extensio. Allar hreyfingar sársaukalausar. Engin palpeymisli á ramus ossis pubis og hreyfingar í mjaðmarliðum óhindraðar og sársaukalausar. Báðir ganglimir jafn langir, kraftur jafn og vöðvatrofiur mælast ekki. Laségue neg. báðum megin. Patellar reflexar daufir, en jafnir, líflegir Achillesreflexar og jafnir, engin dorsalextensions paresa, Babinski neg. Sensibilitets-truflanir finnast ekki á neðri extemitetum.

Niðurstaða: Um er að ræða grónar kompressionsfrakturur á Th IX og L II, engin gibbusmyndun. Subjectivar kvartanir sj. í nokkru ósamræmi við objectiv atriði í skoðun. Sjúklingur getur þess þó við töku anamnesis, að líðan sín hafi farið mjög batnandi síðustu mánuði og hafi hann getað unnið hjá Sápuverksm. Sjöfn án teljandi óþæginda frá baki. Höfuðverkur líkist mest höfuðverk Migraine typu og hæpið að mínu áliti að telja hann seq. umrædds slyss. Álit mitt er, að sj. hafi nú nær fyllilega náð sér eftir umrætt slys 1/9 '69.

Gert eftir bestu vitund 2/12 1973 samkvæmt skoðun 27/11 1973.“

Stefán Guðnason tryggingayfirlæknir mat örorku stefnanda 17. desember 1973.

Í niðurlagi örorkumatsins segir, eftir að sjúkrasaga stefnanda og afleiðingar slyssins hafa verið raktar:

„ . . . Það er um að ræða 23 ára gamlan verkamann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir fjórum árum. Hann hlaut við það hryggbrot, mjaðmagrindarbrot og heilahristing. Af þessum sökum dvaldi hann á sjúkrahúsi á þriðja mánuð.

Slasaði er talinn hafa verið óvinnufær af þessum sökum í fjóra mánuði frá slysdegi talið, og eftir það telst starfsgeta hans verulega skert í um tvo mánuði og loks varanlega dálítið skert.

Varanlegar afleiðingar þessa slyss eru gróin brot á tveimur hryggjarliðum, þrálátir verkir í baki og stirðleiki í mjóbaki á morgnana.

Tæpast er að vænta frekari bata á afleiðingum þessa slyss en þegar er fenginn, og þykir því tímabært að meta nú þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði hefur hlotið af völdum þessa slyss, og telst hún hæfilega metin sem nú segir:

Frá slysdegi í 4 mánuði 100%

Eftir það í 2 mánuði 50%

Eftir það varanlega 15%“

Þórir Bergsson, cand. act., hefur þrisvar sinnum reiknað út örorkutjón stefnanda. Fyrsti útreikningur er dagsettur 14. janúar 1974. 21. maí 1974 reiknar hann síðan vinnutekjutap stefnanda út að nýju vegna kjarasamninga, sem þá voru gerðir 26. febrúar 1974, en þá hækkuðu allir kauptaxtar. Þann 11. febrúar 1975 er svo enn gerður nýr útreikningur á vinnutekjutapi stefnanda. Í þeim útreikningi tryggingafræðingsins, sem lagður er til grundvallar í máli þessu, segir svo:

„Ég hef tvívegis áður reiknað út örorkutjón Ívars. Síðasti útreikningur er dagsettur 21. maí 1974. Frá þeim tíma hafa kauptaxtar verkamanna hækkað samkv. lögum um launajöfnunarbætur, komnar eru nýjar úrtakstölur yfir vinnutekjur kvæntra verkamanna frá Þjóðhagsstofnun, vextir af almennum spariinnlánnum hækkuðu 15. júlí 1974 úr 9% í 13%, og komnar eru nýjar eftirlifendatöflur fyrir íslenzku þjóðina, þar sem reynsla árána 1966—1970 er lögð til grundvallar. Þannig eru flestar forsendur fyrri útreikninga minna brostnar, og verð ég að reikna þetta tjón alveg að nýju.

Slysið og afleiðingar þess.

Þann 1. sept. 1969 var Ívar að störfum uppi á þaki byggingar Skinnaverksmiðjunnar Íðunnar á Akureyri, er hann féll í gegnum gluggaop um 8 m fall ofan á sandþing.

Hann brotnaði á hrygg og mjaðmagrind auk þess sem hann fékk heilahristing.

Í örorkumati, dagsettu 17. desember 1973, segir Stefán Guðnason, læknir, varanlegar afleiðingar slyssins vera „ . . . gróin brot á tveimur hryggjarliðum, þrálátir verkir í baki og stirðleiki í mjó-baki á morgnana.“

Örorkumat.

Læknirinn metur orkumissi Ívars vegna afleiðinga slyssins þannig:

„Frá slysdegi í 4 mánuði	100%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Eftir það varanlega	15%“

Aldur.

Ívar er sagður fæddur 4. febrúar 1950 og hefur því verið 19½ árs á slysdegi.

Áætlun vinnutekna og vinnutekjutaps.

Samkvæmt ljósritum af skattframlögum Ívars árin 1968—1970 hafa vinnutekjur hans tvö heilu almanaksárin fyrir slysið og slysárið verið:

Árið 1967 kr.	70.505
— 1968 —	129.154
— 1969 —	151.707 (til 8. sept.)

Tekna þessara aflaði Ívar sem iðnverkamaður á aldrinum 17—19 ára. Þau eru allmiklu hærri en venja er að áætla vinnutekjur unglinga, ef engin skattframtöl eru til að leggja til grundvallar. Ég mun nota umreiknaðar skattframtalstekjur ársins 1969 til þess að áætla vinnutekjur fyrir Ívar fyrsta árið eftir slysið. Frá 25 ára aldri, sem er meðalaldur ísl. brúðguma, sem kvænast í fyrsta sinn, mun ég nota vinnutekjur kvæntra verkamanna samkvæmt úrtakstölum Framkvæmdastofnunar og Þjóðhagsstofnunar, tekjur áranna 1971 til 1973 umreiknaðar til kauplags nú. Hækkuninni frá fyrsta ári eftir slysið til 25 ára aldurs skipti ég jafnt á árin þar á milli, þó þannig, að tillit er tekið til vaxta-breytinga á því tímabili.

Þannig áætlaðar vinnutekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað vinnutekjutap, þegar er gert ráð fyrir, að varanlega tapið sé 15% af áætluðum vinnutekjum frá slysdegi, en tímabundna tapið sá hundradshluti af þeim, sem örorkumat lækna-
isins segir til um að frádregnum 15%:

	Áætlaðar vinnutekjur:	Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	kr. 230.137	kr. 78.634	kr. 34.521
2. — — —	— 297.169		— 44.575
3. — — —	— 364.201		— 54.630
4. — — —	— 475.521		— 71.328
5. — — —	— 658.320		— 98.748
6. — — —	— 889.279		— 133.390
Síðan árlega	— 1.086.660		— 162.999

Verðmæti vinnutekjutaps.

Við útreikninginn nota ég tvær mismunandi forsendur um vexti:

Aðferð I:

Notaðir eru 7% vextir p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973 og síðan 9% til frambúðar.

Aðferð II:

Notaðir eru 7% vextir p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan 9% til 15. júlí 1974 og að lokum 13% vextir p. a. til frambúðar.

Verðmæti vinnutekjutaps reiknast mér nema:

	Aðferð I:	Aðferð II:
Vegna tímabundinnar örorku	kr. 77.179	kr. 77.179
Vegna varanlegrar örorku	— 1.440.508	— 1.107.345

Samtals kr. 1.517.687 kr. 1.184.524

Frádráttur.

1. Ekki hefur verið dregið frá það, sem Ívar hefur fengið greitt samningsbundið sem laun fyrst eftir slysið frá atvinnurekanda.
2. Ívar fékk greidda dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 9.-9. 1969 til 7.-1. 1970 kr. 20.691. Verðmæti þeirra á slysdegi er kr. 20.351. Einnig fékk hann örorkulífeyri í formi eingreiðslu þann 21.-12. 1973 kr. 294.938. Verðmæti nemur á slysdegi kr. 214.337.

3. Ekki hefur verið athugað, hver eðlileg lækkun verðmætis vinnutekjutaps er vegna skattfrelsis bóta.

Reiknigrundvöllur.

Áður hefur verið rætt um vexti. Við útreikninginn hafa verið notaðar dánarlíkur ísl. karla samkvæmt reynslu árána 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.“

Stefnandi reisir skaðabótakröfu sína á því, að allur aðbúnaður á þaki Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar hafi verið óforsvaranlegur, er slysið varð. Þakpappi hafi verið lagður yfir gluggaop þannig, að það sást ekki, og hann þess vegna ekki getað varast það. Enn fremur hafi skort á leiðbeiningar af hálfu stefndu vegna þess hættuástands, sem skapaðist við þessar aðstæður, og því fremur þegar lítið væri til hins unga aldurs stefnanda.

Við munnlegan flutning málsins var það ítrekað af hálfu stefnanda, að mikið hefði skort á, að nægileg aðgæsla væri höfð við lagningu pappans yfir gluggaopin. Ekkert hefði gefið til kynna, að þakpappinn í umræddu tilfelli næði 37 cm inn yfir gluggaopið og það hafi verið óforsvaranlegt af hálfu stefndu, ekki síst þegar lítið væri til þess, að þarna var unnið í 8.30 metra hæð. Hér sé því alfarið um að kenna handvömm við stjórn verksins og beri stefndu á því alla ábyrgð.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að atvik að umræddu slysi séu ekki á neinn hátt þannig vaxin, að þau geti varðað þá fébótaábyrgð að lögum. Vinnuskilyrði hafi verið góð á þakinu, þar sem flötur þess var mjög stór og hallaði lítið. Göt þau, sem voru á þakinu vegna væntanlegra glugga, hafi verið byggð með tréflækum til að fyrirbyggja slysahettu. Óhjákvæmilegt hafi verið, að eitt gat væri opið í senn, meðan pappi var lagður yfir það. Allir, sem á þakinu unnu, hafi verið vanir þessu verki og svo hafi einnig verið um stefnanda. Hann hafi unnið á þakinu frá því að verkið hófst, gjörþekkt allar aðstæður og vitað, hvað þurfti að varast. Brýnt hafi verið sérstaklega fyrir honum að fara varlega við gluggaopin og það ekki einvörðungu af verkstjóranum hans, heldur og af samverkamönnum. Hér hafi ekki verið um að ræða, að komið yrði við sérstökum öryggisútbúnaði. Jafnvel þó slíks hefði verið kostur, hefði þess ekki verið þörf. Það hefði verið varkárni úr hófi, sem auk þess hefði torveldað eðlilegan framgang auðvelds verks. Hér sé því hvorki við forráðamenn stefndu

að sakast né aðra starfsmenn þeirra. Slysið verði alfarið rakið til gáleysis stefnanda sjálfs.

Stefnandi hefur krafist bóta in solidum úr höndum Haga h/f og Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar. Þessari kröfu hefur verið mótmælt af hálfu Skinnaverksmiðjunnar Iðunnar og á það bent, að ef svo færi, að stefndu yrðu dæmdir bótaskyldir vegna slyssins, hlyti sá dómur að einskorðast við Haga h/f. Ekki hafi verið um slíkt réttarsamband að ræða milli stefnanda og Iðunnar, að varðað gæti bótaskyldu. Stefnandi hafi að vísu þegið laun hjá því fyrirtæki og verið þar á launaskrá, en hann hafi alfarið unnið undir stjórn Sigurðar Hannessonar, byggingameistara hjá Haga h/f. Enginn starfsmanna Iðunnar hafi nokkra umsjón haft með verkinu og beri því að sýkna hana af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Á það verður fallist með stefnda Skinnaverksmiðjunni Iðunni, að ekki hafi verið um slíkt réttarsamband að ræða milli þess fyrirtækis og stefnanda, eins og rakið hefur verið hér að framan, að fébótaábyrgð geti varðað, og skal stefndi Skinnaverksmiðjan Iðunn verða sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og atvikum var háttað og lýst hefur verið hér að framan, er það álit dómsins, að óhjákvæmilega hafi skapast af því slyshætta að láta þakpappa liggja yfir óvarið gluggaop, sem var 1 metri á breidd, 2.25 metrar á lengd, í 8.30 metra hæð frá gólfi. Ekkert gaf til kynna, að pappinn næði inn yfir gluggaopið og holrúm væri undir. Engir þeirra, sem á þakinu unnu, gættu gluggaopsins, og engar ráðstafanir voru gerðar til þess að vara menn við hættunni, sem þarna leyndist. Var þetta þeim mun ógætilegra, þegar litið er til þess, að unnið var í svo mikilli hæð. Átti öllum, og þá ekki síst þeim, er stjórnðu verkinu, að vera ljós sú hætta, sem við það skapaðist. Þó stefnandi hafi verið kunnugur þeim vinnubrögðum, sem þarna tíðkuðust, og hann sjálfur staðið að verki á sama hátt, leysir það stefnda Haga h/f ekki undan þeirri sök að hafa vanrækt að gera nægjanlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir, að slys hlytist af.

Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið, að stefnandi sjálfur eigi einnig sök á því, hvernig fór. Hann var búinn að vinna á margnefndu þaki í a. m. k. þrjár vikur, þegar slysið varð, og var því vel kunnugur öllum aðstæðum. Þá hefur stefnandi viðurkennt fyrir dómi, og er það stutt framburði vitna, að byggingameistari hússins hafi margoft varað hann við og áminnt hann um að fara varlega við vinnu á þakinu.

Á það verður fallist með stefnda, að ætíð fylgi byggingarvinnu nokkur áhætta og sjaldan eða aldrei sé svo hægt um að búa, að ekki verði nokkur slysaætta við slíka vinnu.

Að öllum atvikum virtum, sem rakin hafa verið hér að framan, er það niðurstaða dómsins, að bæði stefnandi og stefndi eigi sök á því, hvernig fór, og ber því að skipta sök í málinu. Þykir hvor aðili um sig eiga að bera helming sakar. Ber samkvæmt því að dæma stefnda Haga h/f til að greiða stefnanda helming þess tjóns, er hann varð fyrir af umræddu slysi.

Stefnandi sundurliðar bótakröfur sínar þannig:

1. Örorkubætur	kr. 1.184.524	
÷ dagpeningar og örorkulífeyrir	— 279.267	kr. 905.257
2. Miskabætur	—	300.000
3. Örorkumatsútreikningur	—	4.000
4. Örorkutjónsútreikningur	—	22.000
5. Læknisvottorð	—	2.500
6. Ljósrit	—	345
7. Ljósmyndir	—	1.200

Samtals kr. 1.235.302

Verða nú einstakir kröfuliðir teknir til athugunar.

Um lið 1.

Krafa samkvæmt þessum lið er reist á útreikningi Þóris Bergs-sonar, cand. act., dagsettum 11. febrúar 1975 og áður hefur verið rakin, að fráðregnum greiðslum dagpeninga og örorkulífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins, miðað við verðmæti þeirra á slys-degi.

Stefndu hafa gert þá kröfu, að mati varanlegrar örorku verði hafnað sem algerlega óraunhæfu. Er því haldið fram af þeirra hálfu, að stefnandi hafi lítt eða ekki orðið fyrir tekjumissi vegna slyssins. Sumpart hafi hann fengið greidd laun, meðan hann var frá vinnu, en sumpart fengið greiddar bætur úr Samvinnutryggingu. Einungis síðastgreidda féð sé dregið frá í kröfugerð. Stefnandi hafi fengið greidd laun að fjárhæð kr. 33.909.50 frá atvinnurekanda, sem ekki séu dregnar frá í örorkuútreikningi. Þá halda stefndu því fram, að ef á geti reynt um örorkubætur, beri að lækka þær verulega vegna skattfriðinda og hagræðis af eingreiðslu.

Á dómsskjali nr. 33 sést, að stefnandi hefur fengið greitt í laun frá Skinnaverksmiðjunni Íðunni kr. 33.909.50 eftir slysið, og er

sú tala ekki dregin frá í kröfugerð hans. Verður krafa stefndu að þessu leyti tekin til greina.

Að öllu framansögðu virtu þykja bætur samkvæmt þessum kröfulið hæfilega metnar kr. 700.000.

Um lið 2.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkra-saga hans verið rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja.

Fyrir dómi 2. desember sl. sagði stefnandi, að undanfarið hefði hann öðru hverju verið frá vinnu vegna þrauta í baki, jafnvel þótt hann ynni léttu vinnu. Kvaðst hann oft vera með þrautir, mismunandi miklar. Stundum séu verkirnir sárir, en hverfi á milli. Þá sagði stefnandi, að sér hefði fundist heilsufari sínu hafa hrakað undanfarið. Áður fyrr hefði hann fengið einstaka „kast“ í bakið, en nú megi heita, að hann hafi haft stöðuga verki.

Þessari kröfu stefnanda hefur verið mótmælt af hálfu stefndu sem óraunhæfri og alltof hárrí. Vitna þeir í því sambandi í áverkavottorð og læknisvottorð og þá sérstaklega læknisvottorð Braga Guðmundssonar læknis, sérfræðings í bæklunarsjúkdóm-um, dagsettu 2. desember 1973. Í niðurlagi þess vottorðs segir:

„ . . . Álit mitt er, að sj. hafi nær fyllilega náð sér eftir umrætt slys 1. 9. 1969.“

Krafa stefnanda um bætur samkvæmt þessum lið þykja hæfi-lega metnar kr. 200.000.

Um liði 3—7.

Þessum kröfuliðum hefur ekki verið mótmælt tölulega af hálfu stefndu og eru í samræmi við gögn málsins og verða teknir til greina að fullu og koma til álita við ákvörðun málskostnaðar.

Úrslit málsins verða þau, að stefndi Hagi h/f verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 350.000 + 100.000, eða samtals kr. 450.000 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og til greiðslu máls-kostnaðar, er telst hæfilega ákveðinn kr. 115.000.

Ólafur B. Árnason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, ásamt meðdómsmönnum Péttri Pálmasyni verkfræðingi og Jóhanni Karli Sigurðssyni byggingameistara kváðu upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Skinnaverksmiðjan Iðunn, skal vera sýkn í máli þessu.

Stefndi Magi h/f greiði stefnanda, Ívari Herbertssyni, kr. 450.000 með 7% ársvöxtum frá 1. september 1969 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 16. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 115.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa.

Föstudaginn 27. maí 1977.

Nr. 55/1975. **Haraldur Jónsson og**
Jón Hafdal Jónsson
 (Árni Grétar Finnsson hrl.)
 gegn
Sigurði Sigurjónssyni
 (Árni Gunnlaugsson hrl.).

Skiprúmssamningur. Uppsögn. Skipstjóri. Kröfu um viðurkenningu á sjóveðrétti synjað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu málinu með stefnu 30. apríl 1975. Þeir krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnda og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að þeir verði dæmdir til að greiða stefnda 12.454 krónur með 7% ársvöxtum frá 11. mars 1969 til greiðsludags og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa um viðurkenningu sjóveðréttar kemur eigi til álíta fyrir Hæstarétti, svo sem áfrýjun er háttað. Ekki eru fram